

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Baughamar 7, þróunarreit 32C í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 28. febrúar 2024 nýtt deiliskipulag fyrir Baughamar 7, þróunarreit 32C í Hamranesi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 55 íbúðum í tveimur 6 hæða fjölbýlishúsum. Húsin tengjast á sameiginlegum bílakjallara sem rúmar 53 bíla, að auki eru 9 bílastæði innan lóðar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðar um 93 m<sup>2</sup> vegna djúpgáma.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. september 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2024